

Ed.

148. Frumvarp til laga

[101. mál]

um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

(Eftir 3. umr. í Nd., 13. nóv.)

Samhljóða þskj. 106 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Á tímabilinu 1. desember 1970 til 31. ágúst 1971 skal leggja á sérstakan launaskatt, er nemi 1½%. Skattur þessi skal lagður á alla sömu aðila og lög nr. 14/1965, um launaskatt, taka til og gilda ákvæði þeirra að fullu um álagningu og innheimtu þessa sérstaka skatts, svo og um aðra framkvæmd hans.

Tekjur af skatti þessum renna í ríkissjóð, og skal þeim varið til niðurgreiðslu vöruverðs.